

**Ed.**

## **82. Frumvarp til laga**

**[80. mál]**

um breyting á lögum nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

### 1. gr.

Í framhaldi af 2. gr. laga nr. 20/1982 um breytingu á og viðauka við 3. gr. laga nr. 5/1976 komi ný setning og verði niðurlag 2. mgr. 3. gr. svohljóðandi:

Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða að útflutningsgjald, samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr., skuli ekki innheimt af afurðum, sem unnar eru úr kolmunna til manneldis.

### 2. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau, ásamt öðrum gildandi breytingum, inn í lög nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og gefa lög in út þannig breytt.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### Um 1. gr.

Í október s. l. hóf m/b Eldborg HF 13 kolmunnaveiðar og vinnsla aflans til manneldis um borð. Vinnsla kolmunna til manneldis um borð í veiðiskipi er nýjung hér á landi, en ýmsar þjóðir, m. a. Færeyingar, hafa stundað kolmunnaveiðar og vinnslu með þessum hætti um nokkurt skeið með góðum árangri.

Brýnt er að finna ný verkefni fyrir þau veiðiskip, sem orðið hafa að hætta loðnuveiðum vegna ástands loðnustofnsins. Kolmunnaveiðar og úrvinnsla aflans til manneldis er tilraun til þess. Kolmunnaveiðar til bræðslu hafa ekki gengið sem skyldi undanfarin ár og ekki er grundvöllur fyrir slíkum veiðum nú vegna mikils olíukostnaðar og lágs verðs á mjöli og lýsi.

Íslendingum er það nauðsynlegt að reyna að auka veiðarnar úr þessum stóra fiskistofni, sem árvísst heldur sig innan fiskveiðilögsögu okkar, og nýta einnig þá möguleika sem við höfum á kolmunnaveiðum við Færeyjar og Jan Mayen. Hér ber að hafa í huga, að komi til setningar aflahámarks á kolmunnaveiðar í framtíðinni og skiptingu þess milli einstakra landa, verður tekið tillit til fyrri veiða landanna.

Í því skyni að hvetja til kolmunnaveiða og vinnslu til manneldis, og til að létta undir með útgerðaraðilum vegna kostnaðarsamra breytinga á skipum til þessara veiða, er hér lagt til að ráðherra fái heimild til að ákveða að kolmunnaafurðir til manneldis geti verið undanþegnar útflutningsgjöldum. Ekki er gert ráð fyrir, að heimild þessi verði nýtt nema meðan þessar veiðar og vinnsla eru á tilraunastigi.

### Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringa.